



# Starfsáætlun 2026

Þekkingarsetur Suðurnesja



ÞEKKINGARSETUR SUÐURNESJA  
Suðurnes Science and Learning Center

## Efnisyfirlit

Þekkingarsetur Suðurnesja.....	2
Rannsóknastarf.....	2
Náttúrustofa Suðvesturlands .....	2
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum .....	6
Rannsóknastöð Þekkingarsetursins .....	7
Rannsóknaaðstaða Þekkingarsetursins .....	11
Háskólaþjónusta .....	12
Nýsköpun .....	16
Önnur verkefni .....	16
Fræðsla og menning.....	16
Óstaðbundin störf .....	17
Samstarf við önnur þekkingarsetur.....	17

## Þekkingarsetur Suðurnesja

Þekkingarsetur Suðurnesja var stofnað 1. apríl 2012 og að því standa öll sveitarfélögin á Suðurnesjum, Náttúrustofa Suðvesturlands, Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum og Keilir. Helstu markmið Þekkingarsetursins skv. skipulagsskrá snúa að rannsóknum og þróun, háskólanámi, samþættingu þekkingarstarfs og samstarfi við aðrar menntastofnanir á Suðurnesjum. Hér á eftir er farið yfir starfsáætlun setursins fyrir árið 2026 í samræmi við markmið þess og samning við Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið sem var undirritaður í lok árs 2024 og gildir til þriggja ára.

## Rannsóknastarf

Náttúrustofa Suðvesturlands og Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum bera uppi rannsóknarhluta Þekkingarseturs Suðurnesja og mikið samstarf er á milli stofnananna þriggja. Hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir helstu verkefni þeirra á árinu.

### Náttúrustofa Suðvesturlands

Náttúrustofa Suðvesturlands kemur að fjölbreyttum verkefnum en megináhersla er lögð á fugla- og sjávarrannsóknir (fjöru og grunnsjávarlíf) enda er stofan einstaklega vel staðsett til slíkra rannsókna. Á Náttúrustofunni er miðstöð fræða framandi sjávarlífvera á Íslandi, þar er haldið utan um útbreiðslu allra þekktra framandi sjávarlífvera við Ísland og jafnframt lögð stund á metnaðarfullt rannsóknastarf í þessum fræðum.

Helstu verkefni:

Vöktun náttúruverndarsvæða. Verkefnið er samstarfsverkefni Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) og náttúrustofa á landinu og var sett á laggirnar árið 2019 að frumkvæði Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Markmið verkefnisins er að vakta náttúrufar m.t.t. álags ferðamanna, einkum á náttúruverndarsvæðum.

Vöktun fjöru við Reykjanes fyrir HS Orku hf. vegna fráveitu affallsvatns sem fellur til við jarðhitavinnslu í Reykjanesvirkjun. Vöktun árið 2026 felur m.a. í sér mælingar á uppsöfnun mengunarefna í lífríkinu og næringarefna mælingar. Verkefnið er unnið í samstarfi við Rannsóknasetur HÍ á Suðurnesjum.

Vöktun fjöru Arfadalsvíkur fyrir HS Orku hf. vegna fráveitu affallsvatns sem fellur til við jarðhitavinnslu í Svartsengi. Vöktun árið 2026 felur m.a. í sér mælingar á uppsöfnun mengunarefna í lífríkinu. Verkefnið er unnið í samstarfi við Rannsóknasetur HÍ á Suðurnesjum.

Staðfesta vistfræðilegt ástand strandsjávarvatnshlotts 101-1246-C fyrir Grundarfjarðarbæ. Vöktun mun fela í sér næringarefna mælingar, blaðgrænumælingar, úttekt botnþörungna í fjörum og fjölbreytileika hryggleysingja á mjúkum botni í vatnshlotinu. Verkefnið er hluti af LIFE Iewater og unnið skv. lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Landnám grjótkrabba við Ísland. Rannsóknir á landnámi grjótkrabba hafa verið stundaðar frá því krabbinn fannst fyrst hér við land árið 2006. Um samstarfsverkefni Náttúrustofunnar og

Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum er að ræða, með þá Dr. Sindra Gíslason og Dr. Halldór Pálmar Halldórsson í fararbroddi líkt og verið hefur frá upphafi þessara rannsókna. Áfram verður fylgst með framvindu landnáms grjótkrabbans við landið, breytingum í aflsamsetningu rannsóknaveiða, lírfum í uppsjó, heilbrigði og viðgangi hinna innlendu samkeppnistegunda bæði bogkrabba og trjónukrabba sem hafa verið í niðursveiflu allt frá því rannsóknir á grjótkrabba hófust.

Vöktun hafna m.t.t. framandi tegunda. Náttúrustofan hóf vöktun á framandi tegundum í helstu höfnum umhverfis landið árið 2018. Hafnir með föstum vöktunarbúnaði hafa lengst af verið átta talsins en úttekt m.t.t. framandi tegunda hefur verið gerð í 30 höfnum umhverfis landið innan verkefnisins. Hafnir eru fyrsti viðkomustaður flestra aðkomutegunda þar sem meira en 80% þeirra berst með skipum. Um er að ræða árlega vöktun í umsjá Náttúrustofunnar. Verkefnið hefur nú þegar leitt af sér fund sex þekktra ágengra framandi tegunda við landið og útgáfu fimm ritrýndra alþjóðlegra vísindagreina.




Þátttaka í BioProtect verkefninu sem styrkt er af Horizon Europe Research Programme. Einn þáttur verkefnisins er greining framandi tegunda í sjó við Ísland með eDNA. Samstarfssamningur var gerður milli Matís og Náttúrustofunnar árið 2024 um vinnu við þennan verklið. Náttúrustofan sér um sýnatökur og allt sérfræðiálit er kemur að niðurstöðum þessa verkliðs. Sýnatökur fóru fram árin 2024 og 2025, stefnt að því að niðurstöður verkefnisins verði birtar og kynntar árið 2026.

Rannsóknir á landnámi sindraskeljar. Náttúrustofan hóf rannsóknir á þessum nýja landnema árið 2021 sem snúa að útbreiðslu, þéttleika og erfðafræði tegundarinnar. Náttúrustofan leiðir vöktun hér á landi. Ýmis rannsóknarverkefni sem tengjast tegundinni eru í vinnslu, s.s. samvinnuverkefni með Fisheries and Oceans Canada um aldursgreiningar og erfðabreytileika.

Rannsókn á landnámi svartserks. Sæsnigillinn svartserkur (*Melanochlamys diomedea*) var fyrst staðfestur við Ísland árið 2023. Fundur svartserks er um margt merkilegur því þetta er í fyrsta skipti sem tegundin finnst í Atlantshafi og útbreiðsla hans við Ísland virðist nú þegar vera orðin þónokkur á mjög skömmum tíma. Náttúrustofan vinnur að rannsóknum á tegundinni í samstafi við Hafrannsóknastofnun og Háskóla Íslands.

ICES WGBIOINV (áður WGITMO). Forstöðumaður Náttúrustofunnar er fulltrúi Íslands í vinnuhópi á vegum Alþjóða hafrannsóknaráðsins (ICES) er lýtur að flutningi framandi sjávarlífvera, en margir af fremstu vísindamönnum heims á þessu sviði eru þátttakendur í því samstarfi. Forstöðumaður stofunnar sækir árlega fundi vinnuhópsins. Aðild Náttúrustofunnar er mikilvægur hluti alþjóðlegs samstarfs Íslands um flutning framandi lífvera um heiminn. Forstöðumaður mun sækja ársfund hópsins í Séte í Frakklandi í mars næstkomandi.



EULVA. Árið 2023 gerðist Náttúrustofan þátttakandi í stóru samevrópsku rannsóknarverkefni sem miðar að því að gera ítarlegt mat á erfðabreytileika Ulva ættkvíslarinnar. Ulva er án efa ein algengasta, útbreiddasta og þekktasta ættkvísl þangs í heiminum. Hins vegar er lítið vitað

um raunverulegan breytileika hennar, jafnvel á vel könnuðum svæðum eins og Evrópu. Sérstaða verkefnisins er mikil og felst m.a. í því að hér verður tekist á við heila ættkvísl þörunga á evrópskan mælikvarða. Sýnatökum lauk árið 2024, úrvinnsla gagna lauk síðla 2025 og er stefnt að því að niðurstöður verkefnisins verði birtar og kynntar árið 2026.

SEATRACK. Um alþjóðlegt verkefni er að ræða sem er undir stjórn Norwegian Polar Institute og Norwegian Institute for Nature Research (NINA). Verkefnið snýr m.a. að því að kortleggja ferðir sjófugla að vetri til um Norður Atlantshaf. Verkefnið hófst árið 2014 og hefur Náttúrustofan tekið þátt í því síðan. Árið 2026 munu dæгурritar verða endurheimtir af hvítmáfum og toppskörfum líkt og síðustu tíu ár og GPS tæki sett á hvítmáfa og sílamáfa.

Bjargfuglavöktun. Verkefnið fer fram víðsvegar um landið í samstarfi við aðrar náttúrustofur og Rannsóknasetur HÍ á Snæfellsnesi. Arnþór Garðarsson hóf verkefnið árið 1983. Náttúrustofan vaktar stærsta fuglabjarg Reykjanesskagans, Krýsuvíkurbjarg. Margir stofnar sjófugla standa nú höllum fæti hér við land og fara ört minnkandi, mikilvægt er að fylgjast vel með þessum stofnum til að geta greint breytingar sem eru að eiga sér stað í umhverfi okkar.

Plastmengun í Eldey. Náttúrustofan vinnur að rannsókn á plastmengun í hreiðrum súlna í Eldey. Ljóst er að plast er allsráðandi byggingarefni í hreiðri súlna í eyjunni, en aðallega er um að ræða netabúta og veiðarfæraspotta af öllum gerðum. Þrjú rannsóknaleiðangrar hafa verið farnir í eyjuna til að safna gögnum, árin 2022, 2024 og 2025. Úrvinnsla gagna er hafin og stefnt er að því henni ljúki árið 2026.

Fiðrildavöktun. Vöktun fiðrilda á Íslandi er verkefni sem hófst árið 1995 af hálfu NÍ. Í dag er vöktunin samstarfsverkefni NÍ, náttúrustofa og einkaaðila víða um land. Náttúrustofan tók fyrst þátt í verkefninu árið 2012. Um er að ræða 34 vikna vöktun á hverju ári.

Vöktun skólpmengunar. Náttúrustofan hefur frá árinu 2005 komið að vöktun skólpmengunar á Reykjanesskaga en verkefnið er á vegum Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja. Farið er á 19 valin svæði á þriggja mánaða fresti og sjósýni tekin og greind ásamt því að hitastig er mælt.

Ráðgjafarnefnd fagstofnana og eftirlitsaðila skv. lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Forstöðumaður stofunnar hefur setið í nefndinni fyrir hönd Samtaka Náttúrustofa frá 2015. Hlutverk nefndarinnar er að vera Umhverfisstofnun og vatnaráði til ráðgjafar um atriði sem undir löggin heyra og leggja fram nauðsynleg gögn vegna vinnu við gerð áætlana samkvæmt lögum um stjórn vatnamála og upplýsingar um hvaða gögn liggja fyrir.

Náttúrustofan tekur þátt í ýmsum öðrum verkefnum ár hvert sem eru of mörg til að telja öll upp, sem dæmi ráðgefandi hlutverk við framkvæmdir og skiltagerð, umsagnir um þingsályktunartillögur, fyrirspurnir, almenningfræðsla, kennsla og fleira.

## Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum

Áhersla Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum er á sviði eiturefnavistfræði og sjávarlíffræði. Líkt og undanfarin ár munu þar fara fram rannsóknir á áhrifum mengandi efna á sjávarlífverur á norðurslóðum, í tengslum við innlenda og erlenda vísindamenn og framhaldsnema. Framhald verður á rannsóknum á kræklingi, krabbadýrum og öðrum sjávarhryggleysingjum þar sem notkun líffræðilegra mælikvarða við rannsóknir og umhverfisvöktun verður metin áfram og aðferðirnar staðlaðar enn frekar. Rannsóknirnar munu nýtast áfram við þróun mengunarmiðstöðvar á setrinu sem hófst árið 2016 og er styrkt af Uppbyggingarsjóði Suðurnesja. Rannsóknir á landnámi grjótkrabbans munu einnig halda áfram á árinu.

Rannsóknasetrið mun áfram hafa umsjón með söfnun kræklinga vegna árlegrar mengunarvöktunar á landsvísu að beiðni Umhverfis- og orkustofnunar (UOS) og því til viðbótar mun setrið halda áfram rannsóknum á íslenskum höfnum þar sem mengun í seti og mengunarálag á lífverur er í forgrunni. Sandra Dögg Georgsdóttir, starfsmaður rannsóknasetursins, mun klára meistaraverkefni sitt á árinu við



setrið en það snýr að rannsóknum á áhrifum mengaðs hafnarsets á ýmsa líffræðilega þætti sandmaðks. Áhersla verður jafnframt lögð á að rannsaka og meta viðmiðunarmörk fyrir mengandi efni í seti við Ísland. Viðamikill hluti þess verkefnis snýr að áhrifum og umfangi tríbútýltins (TBT) við hafnir landsins en rannsóknasetrið sér um vöktun þess efni á 5 ára fresti að beiðni UOS. Efnið var notað í botnmálningu á skip og báta og veldur falskyni (imposex) hjá nákuðungum en í vöktuninni er þeim safnað í fjörum og möguleg áhrif af völdum TBT metin í dýrunum. Þrátt fyrir að efnið hafi verið bannað í botnmálningu hér á landi frá árinu 1990 sjást ennþá greinileg áhrif þess á lífríkið á nokkrum hafnarsvæðum suðvestanlands en efnið getur safnast upp í seti og seytilað í umhverfið í jafnvel áratugi.

Starfsmenn Rannsóknasetursins eru í vinnuhópum á vegum ICES og AMAP er lúta að áhrifum mengandi efna á sjávarlífverur og umfangi plastmengunar á norðurslóðum en margir af fremstu vísindamönnum Evrópu á þessu sviði eru þátttakendur í þeim samstarfshópum. Starfsmenn setursins munu sækja fund ICES vinnuhópsins í Róm í apríl en þessi aðild setursins er afar mikilvægur hluti alþjóðlegs samstarfs Íslands um mengun sjávar á norðlægum slóðum (ICES/OSPAR).

Auk viðamikilla samstarfsverkefna með Náttúrustofu Suðvesturlands sem nefnd voru hér að framan, tekur Rannsóknasetrið þátt í samstarfsverkefni fjölmargra innlendra og erlendra aðila sem snýr að hagnýtum rannsóknum í líffræði. Rannsóknastofnunin IRIS í Stavanger í Noregi leiddi upphaflega það verkefni (SureAqua) sem lauk formlega 2023 en framhald hefur verið á samstarfinu. Helstu verkefni setursins hafa snúið að umhverfisáhrifum fiskeldis á Íslandi og rannsóknir á efnainnihaldi þara í tengslum við mögulega ræktun þarans í samstarfi með doktorsnemanum Daniel Coaten en forstöðumaður setursins er einn af leiðbeinendum hans.



Rannsóknasetrið hefur umsjón með Sæmundi fróða RE, rannsóknabáti Háskóla Íslands, og mun hann nýtast við ýmis rannsókn-, kennslu- og þjónustuverkefni á árinu. Meðal verkefna á árinu má nefna áframhaldandi sýnatökur í Hvalfirði og á Sundunum við Reykjavík í samstarfi með Hafrannsóknastofnun og vísindafólki á vegum verkefnisins Carbon to Sea Initiative, botnsýnatökur í Faxaflóa vegna rannsókna á örplastmengun og sjósýnatökur vegna Vatnaáætlunar Íslands 2022-2027 í samstarfi með Umhverfis- og orkustofnun, áframhaldandi krabbaveiðiferðir og sjóferðir með líffræðinema vegna kennslu við HÍ. Auk þess mun setrið sjá um mengunarvöktun og tilheyrandi rannsóknir með krækling við Grundartanga í Hvalfirði en setrið hefur séð um þá vöktun undanfarin ár.

### **Rannsóknastöð Þekkingarsetursins**

Einn líffræðingur, Dr. Anna Selmann, er starfandi í heilu stöðugildi hjá rannsóknastöð Þekkingarsetursins. Hún hóf störf síðasta haust og hennar helsta sérsvið eru rannsóknir á hvöllum. Anna nam líffræði við Háskóla Íslands og útskrifaðist þaðan með M.Sc. í líffræði árið 2019 og Ph.D. árið 2025. Anna hefur starfað við margvíslegar hvalarannsóknir víðsvegar um heiminn á síðustu árum. Doktorsverkefni hennar fjallaði um hljóðmerki í samskiptum innan og á milli hvalategunda. Þrjár ritýndar greinar voru birtar úr doktorsritgerðinni á árunum 2021-2023. Síðasta greinin „Aversive behavioural responses of killer whales to sounds of long-

finned pilot whales“ er í yfirferð tímaritsins *Scientific Reports*. Endurskoðun vegna athugasemda er lokið og beðið er svars frá tímaritinu. Niðurstöður doktorsverkefnisins voru einnig kynntar í fyrirlestri á líffræðiráðstefnunni í Reykjavík í október síðastliðnum.

Verkefni Þekkingarsetursins undanfarin ár hafa meðal annars einkenst af öflugum og fjölbreyttum rannsóknum og vöktunarverkefnum á sviðum fuglafræði, en nú þegar Anna hefur bæst við starfsmannahópinn og Sölvi Rúnar Vignisson, líffræðingur, farið til annarra starfa hafa orðið áherslubreytingar. Sérvið starfandi líf- og vistfræðings hefur nú færst að mestu úr fuglafræði yfir í hvalafræði. Rannsóknir á hvölum hafa ekki verið gerðar á Suðurnesjum í þeim mæli sem nú gefst færi á svo spennandi tímar eru framundan í starfsemi Þekkingarsetursins.



Rannsóknir Önnu snúa að hvölum og hljóðunum sem þeir gefa frá sér. Hingað til hafa viðfangsefnin aðallega verið háhyrningar og grindhvalir og vettvangsstörf unnin í samstarfi við Rannsóknasetur Háskóla Íslands í Vestmannaeyjum, sem verður áframhaldandi. Síðasta haust tók Anna þátt í verkefni fyrir nýja vísindamenn sem skipulagt var af Swedish Polar Research Secretariat, Háskólanum í Gautaborg, British Antarctic Survey og NERC Arctic Office. Í því fólst vikulöng rannsókniferð til Grænlands með sænska rannsóknarskipinu R/V Skagerak. Ferðin var hluti af KANG-GLAC verkefninu, sem nær yfir þrjú og hálf ár til að rannsaka hvernig Grænlandsjökull hefur áhrif á loftslag, hafið og lífríki sjávar. Anna sótti fyrirlestra um tengsl jökla við sjóinn, jarðfræði, dýptarmælingar, og nýja tækni til eftirlits með hafinu. Í sjóferðinni lærði hún haffræðilegar mælingar, sýnatöku úr dýrasvifi og dreifingu tækja til langtímaeftirlits í hafi. Hún skipulagði líka rannsóknarverkefni fyrir sjávarspendýr. Ferðin var skrásett á blogg-síðu sem þátttakendur sáu um og lesa má hér:

<https://www.gu.se/en/skagerak/expedition-blog-greenland-2025>

Anna hefur unnið að verkefni með Dr. Charlotte Curé frá Cerema, University Gustave Eiffel í Frakklandi. Verkefnið snýst um hljóð frá háhyrningi sem synti út í ána Signu árið 2022. Hljóðin voru tekin upp einum degi áður en dýrið dó og rannsóknin beindist að því hvernig hægt er að nota hljóðvöktun til að meta stöðu dýra í neyð og aðstoða við ákvarðanatöku í björgunaraðgerðum. Greinin „Last calls of an out-of-habitat killer whale (Orcinus orca) in a river“ sem unnin var út frá fyrstu niðurstöðum, hefur verið samþykkt til birtingar í tímaritinu *Aquatic mammals*.



Anna er þátttakandi í verkefninu Letters to a pre-scientist, þar sem vísindamenn verða pennavinir nemenda úr skólum á lágtekjувæðum í eitt ár. Markmiðið með verkefninu er að færa vinnu STEM-fagfólks nær raunveruleika barna, deila starfsferlum í STEM og hvetja nemendur til að kanna framtíð í STEM.

ReefExplorer er fyrirlestraröð fyrir almenning um lífríki neðansjávar og fjallar í ár um hryggdýr í sjónum, þar á meðal hvali. Verkefnið er skipulagt af þýska fyrirtækinu Aquatil sem sérhæfir sig í fræðslu, rannsóknum og öðrum verkefnum sem tengjast öllu því sem finna má neðansjávar. Önnu var boðið að taka þátt í verkefninu og heldur hún erindi á komandi vikum um háhyrninga á Íslandi og samskipti þeirra við

grindhvali. Hér má lesa meira um verkefnið: <https://aquatil.org/reefexplorer>

Ný verkefni í tengslum við hvali eru í undirbúningi hjá Þekkingarsetrinu. Eitt þeirra kallast Hvar eru hvalirnir?, og er fyrsta þróunarverkefni setursins með nýjum áherslum í hvalafræði. Vitað er af hvöllum í kringum Reykjanes en fjöldi þeirra og tegundagreiningu hefur ekki verið safnað kerfisbundið hingað til. Markmið verkefnisins er að hefja gagnasöfnun á tíma, staðsetningu og tegundum hvala sem sést hafa með því að nota sérstakar kannanir og tækifærisskýrslur frá almenningi. Þessi gögn munu hjálpa til við að stýra framtíðarrannsóknum, svo sem með því að setja upp hljóðnema til að greina hvali allt árið um kring.

Anna er líka að undirbúa verkefni um hljóð og hegðun háhyrninga á Suðurnesjum og Suðurlandi í samstarfi við Rannsóknasetur Háskóla Íslands í Vestmannaeyjum, sem nota hljóð- og hreyfingargögn sem safnað er með merkjum á hvöllum. Sótt hefur verið um styrk fyrir verkefninu til Rannís og mun svar vonandi berast fljótlega.

Aðrar greinar sem eru í vinnslu til birtingar í ritrýndum tímaritum og Anna er meðhöfundur að eru eftirfarandi:

Bonhoeffer S, Selbmann A, Angst DC, Ochsner N, Miller PJO, Samarra FIP, Baumgartner CD (2025) orcaAI: A machine learning tool to detect and classify acoustic signals of killer whales in audio recordings. *Marine Mammal Science*, 42: e70083. <https://doi.org/10.1111/mms.70083>

Samarra FIP, Wensveen PJ, Selbmann A, Kvadsheim PH, Lam F-PA, Tyack PL, von Benda-Beckmann AM, Miller PJO (2025) Killer whale (*Orcinus orca*) acoustic responses to naval sonar. *Aquatic Mammals*, 51: 38-55. <https://doi.org/10.1578/AM.51.5.2025.38>

Wildlands Studies eru bandarísk samtök sem bjóða upp á námskeið í náttúrufræðum víðsvegar um heiminn fyrir háskólanemendur. Þátttakendur geta fengið námskeiðin metin til eininga í háskólanámi sínu. Síðustu ár hafa hópar á þeirra vegum komið til landsins að sumri undir stjórn Jennu Spackeen, doktor í haffræði, og dvalið í rúma viku í Þekkingarsetrinu en víðsvegar annarsstaðar á landinu í um þrjár vikur til viðbótar. Í setrinu hafa nemendur tekið þátt í rannsóknastarfi, bæði innan- og utanhúss, unnið ýmis verkefni og skoðað sig um á Reykjanesinu. Í sumar koma þau enn á ný í heimsókn með nýjan hóp nemenda og er mjög ánægjulegt að þetta sé orðið fast í sessi.

Mörg verkefni rata inn á borð Þekkingarsetursins með stuttum fyrirvara, svo sem þekkingarleit tengd náttúru í nærumhverfi Suðurnesja-bæjar og á Reykjanesi öllu, sem og textaskrif og yfirferð á efni sem tengist sérsviðum setursins. Þá kemur Anna gjarnan að skoðun og krufningum á hvöllum sem rekið hafa á land í samstarfi við Hafrannsóknastofnun.

Gera má ráð fyrir að nokkuð verði um þjónustuverkefni á árinu líkt og síðustu ár, til dæmis vegna kornastærðarmælinga í tengslum við ýmsar rannsóknir, sem Anna sér um. Á myndinni hér til hliðar má sjá kornastærðarmælingu í vinnslu.

Rannsókn á flugumferð fugla um vinnslusvæði HS Orku á Reykjanesi er annað slíkra verkefna. Um er að ræða 2-3 ára verkefni þar sem flugumferð fugla verður vöktuð með radar og talningum á



rannsóknarsvæðinu. Verkefnið er umfangsmikið og sér Sölvi Rúnar Vignisson, líffræðingur, um verkefnisstjórn þess.

### Rannsóknnaaðstaða Þekkingarsetursins

Rannsóknarymi Þekkingarsetursins eru í boði til rannsókna og athugana er tengjast til dæmis eiturefnavistfræði, fiskeldi og rannsóknum á sjúkdómum í fiski. Þekkingarsetrið hefur starfsleyfi frá Matvælastofnun til slíkra rannsókna.

Húsnæði Þekkingarsetursins er í eigu Suðurnesjabæjar, sem leigir setrinu húsið með ótímabundnum leigusamningi. Þekkingarsetrið sér um allt viðhald innanhúss en Suðurnesjabær sér um viðhald að utan. Rekstur sýninga í eigu bæjarins sem staðsettar eru í Þekkingarsetrinu, er einnig á höndum setursins samkvæmt samningi við sveitarfélagið og fær setrið greitt fyrir þá umsýslu.

Fiskeldisfyrirtækið Benchmark Genetics hefur verið aðalnotandi blautrýmanna í Þekkingarsetrinu síðustu ár og verður vonandi áfram. Verkefni þeirra snýr að framleiðslu á hrognkelsum til útflutnings í laxeldi erlendis þar sem hrognkelsin éta laxalús og halda henni í skefjum á vistvænan hátt. Vinnan sem fer fram í setrinu hefur gengið mjög vel, og hafa Benchmark Genetics byggt mikið utan um þá aðstöðu sem var í boði í Þekkingarsetrinu, meðal annars með viðbótar borholu og loftunartanki fyrir utan húsið og nýju blautrými innandyrna. Minna blautrými setursins er laust sem stendur en vonir standa til að tilraunir hefjast þar sem fyrst.

Þekkingarsetrið hefur síðan árið 2014 verið aðili að INTERACT (International Network for Terrestrial Research and Monitoring in the Arctic). INTERACT er alþjóðlegt net yfir 90 rannsóknastöðva á norðlægum slóðum sem fengið hefur fjármögnun síðustu ár úr rammaáætlunum Evrópusambandsins um rannsóknir og þróun. Verkefninu er nú formlega lokið og uppgjör þess hefur farið fram. Mjög mikil vinna fór fram innan verkefnisins, ýmiskonar fræðsluefni var framleitt, tengsl og ný verkefni mynduðust. Samtökin INPA eða INTERACT Non-Profit Association, voru stofnuð fyrir nokkrum árum til að taka við þessu öllu og halda samstarfinu áfram, og er Þekkingarsetrið aðili að þeim. INPA hefur þegar tryggt töluvert fjármagn og sambærileg aðstoð til vísindamanna og INTERACT bauð upp á komin í gang, en á miklu minni skala til að byrja með. Þannig geta vísindamenn sótt um styrki til INPA til að heimsækja rannsóknastöðvar víðsvegar um heiminn og vinna að verkefnum sínum þar. Forstöðumanni Þekkingarsetursins var boðið að sitja í úthlutunarnefnd INPA og þáði hún boðið. Starf nefndarinnar fór fram í lok síðasta árs og unnið er að fyrstu úthlutun nú á næstu vikum.

Ársfundur INPA verður tvískiptur, hluti hans verður haldinn í fjarfundi 14. og 15. apríl en forstöðumannafundur verður haldinn 20. apríl í Bologna á Ítalíu. Forstöðumaður mun sækja báða fundina.

POLARIN er eitt af þeim verkefnum sem þeim rannsóknastöðvum sem eru hluti af INPA hefur boðist að taka þátt í, og Þekkingarsetrið sótti um aðild. Verkefnið býður upp á alþjóðleg

tækifæri fyrir vísindasamfélagið til að nýta sér aðstöðu alls 49 rannsóknasetra sem dreifast yfir heimskautasvæðin tvö, bæði á landi og hafi, til rannsókna og vinnustofudvalar. Vinnustofuvölin og fyrirkomulag rannsóknarstarfsins getur bæði verið í formi fjar- og/eða staðbundinni rannsóknarvinnu eða blöndu af hvoru tveggja.

Umsóknir um alþjóðlega vinnustofuvöl POLARIN þurfa að taka til greina eða tengjast að minnsta kosti einu af neðangreindum viðfangsefnum:

- Hafís og heimskautahöf í loftslagslagskerfinu.
- Ísbreiður á heimskautum, jöklar og sjávarmál.
- Sífreri og kolefnishringrás í jörðu.
- Vistkerfi á heimskautum og líffræðilegur fjölbreytileiki.
- Gangverk andrúmslofts og efnafræði.
- Fornloftslags ferli og breytileiki.
- Mannveran, samfélög og hnattrænar breytingar.

Umsóknarfrestur er runninn út vegna styrkja fyrir árið 2026 en enn er ekki orðið ljóst hversu margar umsóknir bást og þá til hvaða rannsóknastöðva. Það kemur í ljóst á næstu vikum hvort að Þekkingarsetrið eigi von á heimsóknum vísindamanna í ár. Ársfundur POLARIN verður haldinn dagana 21.- 23. apríl í Bologna á Ítalíu, í beinu framhaldi af fundi INPA, og mun forstöðumaður sitja hann.

Þekkingarsetur Suðurnesja er í samstarfi við ýmsar stofnanir og fyrirtæki á Suðurnesjum og víðar, til dæmis vegna rannsóknaverkefna, háskólaþjónustu, móttöku hópa og uppákoma í setrinu. Þekkingarsetrið er aðili að Reykjanes UNESCO Global Geopark, Markaðsstofu Reykjaness og Sjávarklasnum á Suðurnesjum. Í aðildinni felast meðal annars samráðsfundir og samstarfsverkefni. Þá er forstöðumaður Þekkingarsetursins aðalfulltrúi Reykjanes Geopark í verkefnaráði Landsnets vegna Suðurnesjalínu 2 og varamaður í stjórn Reykjanes Geopark. Setrið hefur unnið að ýmsum verkefnum í samstarfi við jarðvanginn, það nýjasta styrkumsókn í Horizon sjóð Evrópusambandsins sem er í vinnslu.

## Háskólaþjónusta


Mikil áhersla er lögð á þjónustu við háskóla og háskólanema hjá Þekkingarsetrinu. Ný og glæsileg námsaðstaða hefur verið opnuð. Þar geta háskólanemendur sem búsettir eru á Suðurnesjum lært hvenær sem er sólarhringsins og án endurgjalds. Fundar- og hópvinnuherbergi er einnig í boði með fullkomnum fjarfundabúnaði. Markaðssetning á aðstöðunni stendur yfir og hefur Háskóli Íslands sem dæmi kynnt þennan möguleika vel meðal sinna nemenda, en tilkynning um opnunina var fyrsta frétt á Uglunni í lok nýliðins árs.

Upplýsingar um fjarnámsframboð háskóla landsins eru aðgengilegar á vefsíðu Þekkingarsetursins.

Starfsnám fyrir bæði innlenda og erlenda háskólanema hefur alltaf verið í boði í Þekkingarsetrinu og verður áfram. Áhersla verður lögð á að kynna þá möguleika sem eru í boði hvað þetta varðar fyrir háskólunum hér á landi með það að markmiði að fjölga nemum sem koma í starfsnám, sem og háskólanemum sem vinna að lokaverkefnum sínum hjá setrinu og stoðstofnunum þess.



Annað sem markvisst verður kynnt fyrir háskólum er möguleikinn á vettvangsnámi og verklegu námi í Þekkingarsetrinu, en aðstaðan hentar einstaklega vel fyrir slíkt þar sem bæði er hægt að sinna rannsóknum, feltvinnu, hópavinnu og ritgerðaskrifum sem dæmi, og gista svo á efri hæðinni ef nemendur koma langt að. Háskóli Íslands hefur hingað til verið eini háskólinn hér á landi sem hefur sent nemendahópa í vettvangsnám í Þekkingarsetrið, til dæmis í fuglafræði og vistfræði, en hægt er að nýta aðstöðuna mun betur og er hún alls ekki bundin við nám í



náttúrufræðigreinum. Smærri hópar geta komið í setrið ef vinna á afmörkuð lotuverkefni sem dæmi og þá gista á staðnum, alveg óháð námsgrein. Listaháskóli Íslands hefur nýtt sér aðstöðuna í setrinu og komið með nemendur í styttri heimsóknir til að vinna að áhugaverðum, þverfaglegum verkefnum. Ætla má að slíkt muni aukast með þessari nýju aðstöðu og aukinnar kynningar á henni um allt land.

Starfsmenn Þekkingarsetursins, Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum og Náttúrustofu Suðvesturlands koma að kennslu í nokkrum af námskeiðunum innan líffræðideildar Háskóla Íslands. Þau eru ýmist kennd hjá HÍ eða í Þekkingarsetri Suðurnesja og að hluta eða öllu leyti af:

- Dr. Halldóri Pálmari Halldórssyni, forstöðumanni Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum
- Dr. Sindra Gíslasyni, forstöðumanni Náttúrustofu Suðvesturlands
- Dr. Önnu Selbmann, líffræðingi hjá Þekkingarsetri Suðurnesja
- Hermann Dreka Guls, sérfræðingi hjá Rannsóknasetri HÍ á Suðurnesjum
- Söndru Dögg Georgsdóttur, sérfræðingi hjá Rannsóknasetri HÍ á Suðurnesjum

## Námskeið vor og haust 2026

- Rannsóknir í sameindalíffræði og lífefnafræði
- Rannsóknir í vist- og þróunarfræði
- Sjávarvistfræði
- Icelandic nature and cultural legacy
- Lífheimurinn
- Aðferðir fyrir fiski-, sjávar og vatnalíffræðirannsóknir
- Vettvangsnámskeið í vistfræði
- Vistfræði B

Háskólanemar sem vinna að lokaverkefnum sínum í líffræði hjá Þekkingarsetrinu og stoðstofnunum þess verða fjórir talsins í ár, einn BS nemi, einn MS nemi og tveir doktorsnemar. Verkefnin eru fjölbreytt og snúa meðal annars að rannsóknum á mengandi efnum í seti, áhrifum mengunar á krækling og áhrif búsvæðisvals og farhegðunar á framleiðni til eggja hjá vaðfuglum. Dr. Halldór Pálmar, forstöðumaður Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum, er leiðbeinandi tveggja meistaranema og eins doktorsnema. Til viðbótar er hann í doktorsnefnd hjá tveimur nemum við Háskóla Íslands.

Vísindaferð líffræðinema við Háskóla Íslands verður haldin í Þekkingarsetrinu í byrjun febrúar. Ferðin er mjög vinsæl meðal nemenda og komast yfirleitt færri að en vilja.

Á síðustu árum hefur verið mikil aðsókn erlendra vísindamanna og háskólanema að gistaðstöðu Þekkingarsetursins, en þar eru 17 pláss í boði, og var hún uppþókuð nánast allt síðasta sumar. Vonast er til að svo verði aftur í ár og þegar hafa nokkrar bókanir verið staðfestar. Samstarf við GeoCamp Iceland hefur vaxið á síðustu árum en GeoCamp tekur á móti fjölda erlendra háskólanema ár hvert sem heimsækja gjarnan Þekkingarsetrið. Nú í byrjun árs mun Daníel Hjálmtýsson, verkefnisstjóri fræðslu og miðlunar, fara til Finnlands á vegum GeoCamp til þátttöku í erlendu samstarfsverkefni. Mun það vonandi skila nýjum tengingum fyrir Þekkingarsetrið.

Þekkingarsetur Suðurnesja mun áfram stuðla að hækkun menntunarstigs á svæðinu og hvatningu til háskólanáms með kynningum fyrir grunn- og framhaldsskólanema og



móttöku hópa á sömu skólastigum. Framhalds- og háskólanemar sem koma í heimsókn fá kynningu á starfsemi og rannsóknum Þekkingarsetursins og stoðstofnana þess, sem og innsýn inn í störf líffræðinga að loknu háskólanámi og tekur setrið á móti fjölda nemenda, bæði innlendum og erlendum, á hverju ári.

Síðan árið 2015 hefur Þekkingarsetrið séð um skipulagningu og framkvæmd starfsgreinakynningar fyrir nemendur í 8. og 10. bekkjum á Suðurnesjum, fyrir hönd Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS). Fyrstu þrjú árin var það í gegnum Sóknaráætlunarverkefni en árið 2019 var kynningin haldin þrátt fyrir að því verkefni væri lokið og hefur það verið svoleiðis síðan. Kynningin opnar augu ungmenna fyrir þeim fjölmörgu möguleikum sem eru í boði að loknu námi og þar fá þau tækifæri til að ræða við fólk sem sinnir mjög fjölbreyttum störfum og er með ólíka menntun. Mikil ánægja er með starfsgreinakynninguna á meðal nemenda, skóla og atvinnurekenda á svæðinu og var ákveðið af SSS að kynningin yrði áfram haldin árlega og setrið fengið til að sjá um skipulagningu og framkvæmd. Kynningin fór síðast fram í október 2025 og vonir standa til að hún verði haldin aftur í haust. Síðasta kynning tókst mjög vel líkt og áður, og voru rúmlega 120 starfsgreinar kynntar þar. Um 900 nemendur grunnskólanna, FS og MSS sóttu kynninguna. Myndirnar hér fyrir neðan eru frá síðustu kynningu.



Þekkingarsetrið veitir einum útskriftarnemanda frá Fjölbrautaskóla Suðurnesja viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur í náttúrufræðigreinum að hausti og vori. Sömuleiðis fær einn útskriftarnemandi frá Grunnskólanum í Sandgerði viðurkenningu að vori.

## Nýsköpun

Þau rannsóknaverkefni sem unnið er að í Þekkingarsetrinu teljast mjög oft til nýsköpunar, þar sem sífellt er leitast við að komast að nýjum uppgötvunum og byggja upp þekkingu í kringum þær. Þekkingarsetur Suðurnesja hlaut styrk úr Uppbyggingarsjóði Suðurnesja í lok síðasta árs vegna nýs rannsóknarverkefnis sem hlotið hefur titilinn Hvar eru hvalirnir?. Verkefnastjórar eru líffræðingur Þekkingarsetursins, Anna Selbmann og Daníel Hjálmtýsson. Verkefnið gengur í grunninn út á að rekja og rannsaka viðveru hvala á Suðurnesjum í tímans rás. Til þess verða nýtt ýmis tæki og tól, meðal annars hljóðdufl (e. hydrophone) til að hlera hvaða hvalir eru á flakki um svæðið, hversu mörg dýr og af hvaða tegund. Þekkingarsetrið mun kynna verkefnið vel út á við og óska eftir liðsinni íbúa á svæðinu við eftirlit og vöktun og vonast er til að verkefnið hvetji íbúa til útivistar og samveru í gegnum samfélagsvísindi, sem lítið hafa verið stunduð á svæðinu áður.

Samstarfsaðilar í verkefninu eru Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum, Rannsóknarsetur Háskóla Íslands í Vestmannaeyjum auk þess sem verkefnið er unnið samhliða stórum, alþjóðlegum verkefnum í hvalarannsóknum sem styrkt eru af Rannís, Evrópusambandinu og fleiri aðilum, og því um stórt og öflugt verkefni að ræða.

Gert er ráð fyrir því að verkefnið verði unnið fram til ársins 2030 og hægt verði að nýta niðurstöður þess til eflingar atvinnulífs og ferðaþjónustu á svæðinu, eflingar fræðslu og aukins sýnileika Suðurnesja sem áhugaverðs svæðis fyrir rannsóknir á sviðum náttúruvísinda. Þá verður verkefnið samofið fyrri verkefnum og sýningum Þekkingarsetursins.

Áframhaldandi þróun Fróðleiksfúsa mun halda áfram á árinu og þá sérstaklega með nýja rannsóknáherslu setursins í huga.

Þekkingarsetur Suðurnesja hefur tengsl við nýsköpunarstarf á svæðinu í gegnum Fab Lab Suðurnes, en setrið er einn af stofnaðilum þess. Ný vinnuaðstaða sem byggð hefur verið upp í setrinu er í boði fyrir frumkvöðla í leit að aðstöðu, og verður sá möguleiki kynntur á árinu innan Fab Lab Suðurnes og Heklungar sem er í miklum tengslum við frumkvöðla á svæðinu.

## Önnur verkefni

### Fræðsla og menning

Á starfsárinu verður haldið áfram að kynna sýningar Þekkingarsetursins, sem eru fjórar talsins, fyrir leik-, grunn- og framhaldsskólum um allt land sem fróðlega og skemmtilega viðbót við kennslu í náttúrufræði, sögu og frönsku. Á síðasta ári heimsóttu tæplega 1.100 nemendur sýningarnar sem er talsvert meiri fjöldi en árið áður. Skólahópar sem koma í heimsókn byrja á því að fara í fjöruna á Garðskaga til að leita að lífverum sem þeir taka með sér í Þekkingarsetrið. Nemendurnir skoða þær í víðsjám, fara í ratleiki um húsið og kynnast Fróðleiksfúsa, hlusta á sögu um Jean-Baptiste Charcot og grilla svo gjarnan pylsur áður en haldið er heim. Síðustu ár hefur verið boðið upp á leiðsögn og aðstoð náttúrufræðikennara í fjöru og við greiningarvinnu,

og hefur mjög mikil ánægja verið með þessa nýjung meðal bæði barna og kennara. Þessi valkostur verður áfram í boði fyrir alla minni hópa sem koma í heimsókn, en nemendafjöldi má ekki fara yfir 40 til þess að skipulagið henti. Vonandi hafa sem flestir skólar áhuga á að nýta sér þessa auknu fræðslu sem verður mögulega til þess að enn fleiri skólar komi í heimsókn í Þekkingarsetrið með nemendum sína. Rafrænt kynningarefni er sent út á hverju ári til fjölmargra leik-, grunn- og framhaldsskóla.

Sýningar Þekkingarsetursins eru auglýstar í samstarfi við sveitarfélagið eins og efni leyfa, til dæmis í Safnabókinni, bæklingnum Around Iceland og á Finna.is en auk þess eru heimasíða, Facebook síða og Instagram síða setursins virkir miðlar.

Þekkingarsetrið tekur venjulega þátt í Safnahelgi á Suðurnesjum sem ýmist hefur verið haldin um miðjan mars eða í október. Bæjarhátíð Suðurnesjabæjar er haldin síðustu helgina í ágúst ár hvert og tekur setrið þátt í henni með ókeypis aðgangi og jafnvel skemmtilegum uppákomum.

Þekkingarsetrið hefur staðið fyrir ýmsum uppákomum í gegnum árin, sú síðasta var vinnustofa um Gervigreind og nýsköpun sem haldin var í samstarfi við KPMG og Innovation Week í nóvember síðastliðnum, með styrk úr Lóu nýsköpunarsjóði. Vinnustofan var vel sótt og tókst mjög vel.



Setrið tekur þátt í Barnamenningarhátíð Suðurnesjabæjar í apríl næstkomandi með uppákomu í tengslum við verkefnið Hvar eru hvalirnir?, með áherslu á hljóðin sem hvalir gefa frá sér.

### Óstaðbundin störf

Aðstaða vegna óstaðbundinna starfa er í boði hjá Þekkingarsetrinu og hefur starfsmaður Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála nýtt hana síðastliðið ár og verður að minnsta kosti næstu tvö ár til viðbótar. Vonandi verða svo fleiri sem eiga eftir að nýta sér aðstöðu í setrinu fyrir óstaðbundin störf.

### Samstarf við önnur þekkingarsetur

Þekkingarsetrið er í góðum tengslum við önnur þekkingarsetur á landinu. Samtök þekkingarsetra (SPS) voru stofnuð í apríl 2020 og sat forstöðumaður í stjórn þeirra frá stofnun fram að ársfundi 2021. Síðasta starfsár og núverandi hefur forstöðumaður Þekkingarsetursins setið í stjórn, fyrst sem stjórnarformaður og svo meðstjórnandi. Næsti ársfundur verður haldinn í lok ágúst næstkomandi hjá Þekkingarsetri Vestmannaeyja og lýkur þá stjórnarsetunni

í bili. Forstöðumenn þekkingarsetranna funda að jafnaði mánaðarlega til að ræða ýmis mál sem eru setrunum sameiginleg.

Hér hefur verið farið stuttlega yfir þau verkefni sem liggja fyrir hjá Þekkingarsetri Suðurnesja í ársbyrjun 2026. Ekki er ólíklegt að fleiri verkefni bætist við þegar líða tekur á árið.

Hanna María Kristjánsdóttir  
Forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja